



## E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni <b>Verkfundur</b>		Fundarstaður Símafundur		Nr. fundar #10
Fundarboðari Guðmundur Danielsson	Fundarritari Guðmundur Danielsson	Fundardags. 18/03/2020	Fundartími 10:00	Dags. Fundarg. 18/03/2020
Fundarmenn Eiríkur Ólafsson (EÓ) Guðmundur Danielsson (GD) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Sævar Eiríksson (SE) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		Fyrirtæki Borgarbyggð Borgarbyggð Heflun ehf Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi Börkur Brynjarsson (BB) Sigurjón Hallvarðsson (SH)		Fyrirtæki SH-Leiðarinn ehf SH-Leiðarinn ehf		
Dreifing Fundarmenn		Fyrirtæki		
Dagskrá Fundar Skv. fundarboði		Dagsetning næsta fundar 1/04-2020	Tími næsta fundar 10:00	
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / ags.
1.	<b>Undirritun verkfundargerðar undangengings verkfundar</b> Undirritun fundargerðar fór ekki fram þar sem um símafund var um að ræða. GD fór yfir fundarsköp og heppilegar venjur á símafundum þar sem útlit er fyrir að næstu fundir verði með samskonar sniði.	
2.	<b>Útistandandi mál frá síðasta verkfundi</b> GD spurðist fyrir um aðkomu Barkar Brynjarsson sem skv. skipuriti verksins er yfirstjórnandi verktaka. SGH sagði að Börkur væri hættur störfum. GD óskaði eftir upplýsingum um nýjan aðila í stað Barkar til að gegna yfirstjórnanda. SGH og SI tinfundu SI til þess að gegna hlutverkinu fyrir hönd verktaka.	
3.	<b>Framgangur við þá áfanga sem unnið er við</b> Unnið hefur verið í áfanga 3 og nú er svo komið að sögn SGH að ekki er hægt að vinna frekar í áfanganum vegna frosts í jörð. Búið er að koma inntaki strengs inn í 19 hús í áfanganum. SI og SGH telja víst að ekki verði unnið í verkinu fyrr en eftir páska, þ.e. eftir miðjan apríl vegna frosts í jörð.	
4.	<b>Næstu skref og áfangar</b> GD fór yfir stöðu á undirbúningi næstu áfanga. Áfangar 6,7 og 8 austan Hvítar, áfangi 11 á Mýrum og áfangi 1 þ.e. Hvítársíða er mjög langt komin í undirbúningi. GD fór yfir þá ákvörðun að hætta heimsóknum til íbúa í bili og takmarka samgang í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnarlæknis. Þeim óskum er því beint til verktaka að verkáætlun taki mið af þeim áföngum sem tilbúnir eru. GD sagði frá samskiptum við RARIK vegna fréttu um aukinn hraða í lagningu á rafmagni í jörð eftir hamfarir vetursins. Áform og áhugi RARIK liggur ekki fyrir að svo stöddu. SI spurði hvort að verkkaupi hefði óskir um næstu áfanga. GD svaraði því til að slíkar	GD

SI


GD



#### E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	óskir lægu ekki fyrir og óskaði eftir því að verktaki hagaði uppröðun áfanga eftir því sem hann telur heppilegast miðað við aðstæður.	
<b>5.</b>	<b>Önnur mál er varða efni fundarins</b>	
<b>6.</b>	SI gerði grein fyrir stöðu GPS innmælinga og þeim drætti sem verið hefur á afhendingu á endanlegum innmæligögnum. Að hans sögn verður öllum innmælingum skilað fyrir lok næstu viku af þeim áföngum sem nú þegar hafa verið unnir.	SI
<b>7.</b>	SI lýsti yfir áhyggjum af því að ekki liggi fyrir pöntun á efni vegna ljósleiðarverkefnis Borgarbyggðar. Áhyggjur birgja hér á landi hafa hljómað að hans sögn í nokkrar vikur vegna áhrifa á afhendingu á efni vegna Covid19. GD sagði að efnisöflun stæði yfir í samræmi við verkáætlun. GD tók undir áhyggjur af afhendingu á efni komi til þess að innflutningur verði takmarkaður eða stöðvaður.	
<b>8.</b>	SGH óskaði eftir uppfærðri kerfismynd þar sem stærð strengja kemur fram fyrir þá áfanga sem langt eru komnir í undirbúningi. GD sendir.	GD
<b>9.</b>	Umræða átti sér stað um meðferð og samþykkt fundargerða símafunda. Eftirfarandi verklag var ákveðið og samþykkt: GD sendir fundargerð til fundarmanna til yfirlestrar og athugasemda. Eftir hæfilegan frest er fundarmönnum send endanleg útgáfa með þeim athugasemdum sem gerðara voru. SI samþykkir fundargerðir með undirritun f.h. verktaka og GD samþykkir fundargerð með undirritun f.h. verkkaupa.	
<b>10.</b>	Fleira ekki rætt.	

  
Samþykki verktaka

  
Samþykki verkkaupa